

## GJALDSKRÁ

### fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskýlda.*

Sveitarfélagið Árborg innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004.

#### 2. gr.

##### *Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Einbýlis-, par- og raðhús	á hverja íbúð	561.156 kr.	
Fjölbýlishús	á hverja íbúð	280.578 kr.	
Mannvirki önnur en íbúðir	pr. m <sup>2</sup> af raunstærð húsnæðis	1.592 kr.	0,28% af gjaldi einbýlis-, par- og raðhúsa

Gjöld skv. þessari grein miðast við byggingarvísitölu í desember 2021 (159,3) og uppfærast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

#### 3. gr.

##### *Fráveitugjald.*

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,2510% af fasteignamati viðkomandi fasteignar.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

#### 4. gr.

##### *Rotþróargjald.*

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróar skal húseigandi greiða eftirfarandi rotþróargjald fyrir hverja losun:

<i>Stærð í lítrum</i>		<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró	< 4.000	52.395
Rotþró	4.001-6.000	69.332
Rotþró	> 6.000	12.954 pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.694.

#### 5. gr.

##### *Gjalddagar.*

- a) *Stofngjald fráveitu:* Gjaldþagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b) *Fráveitugjald:* Gjaldþagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) *Rotþróargjald:* Gjaldþagi rotþróargjalds er við útgáfu reiknings.

6. gr.

*Innheimta.*

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1760/2021.

*Selfossi, 16. mars 2022.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 25. mars 2022